

Þór Vilhjálmsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Ályktarorð:

Bjarna Guðmundssyni, löggiltum skjalapýðara, er heimilt að staðfesta framburð sinn varðandi þýðingu á dómskjali 3 í málinu nr. 648/1959.

Mánudaginn 13. júní 1960.

Nr. 58/1960. **Ákærvaldið** (Áki Jakobsson hrl.)

gegn

Magnúsi Sigurjónssyni Magnússyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Magnús Sigurjónsson Magnússon, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæsta-

réttarlögmennanna Áka Jakobssonar og Guðmundar Péturssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 20. nóvember 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. þ. mán., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæruskjali, útgefnu 30. október s.l., af dómsmálaráðherra gegn Magnúsi Sigurjónssyni Magnússyni, Kárabragga við Sjómannasund, Vestmannaeyjum. „Ákærði er ákærður fyrir 1) að stela í byrjun september s.l. í Kaupfélagi Vestmannaeyja rafmagnsrakvél, 2) að kaupa af skipverja á þýzka hafrannsóknarskipinu „Gauss“ 4. september s.l. 8 flöskur af ólöglega aðfluttu áfengi, 3) að fást við bruggun áfengis á s.l. sumri“, en brot þessi teljast varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 6. gr. og 7. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Ákærist því framangreindur Magnús Sigurjónsson Magnússon til að sæta refsingu samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 35. gr. og 36. gr. áfengislaga nr. 58/1954, til sviptingar réttinda samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaga, til upp-töku bruggáhalda og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 18. ágúst 1926 á Ísafirði og hefur sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

- 1947 21/3 Reykjavík. Dómur: 15 daga varðhald og sviptur ökuskríteinu í 6 mánuði fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
- 1946 16/10 Reykjavík. Kærður af Tryggva Þorsteinssyni fyrir hótelsvik. Lokið 11/3 1948 með því, að kærður greiddi kröfuna.
- 1949 19/5 Reykjavík. Dómur aukaréttar: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
- 1949 8/9 Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi, skilorðsb. í 2 ár, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 247. gr. hgl. Dómur frá 10/5 1949 felldur niður.
- 4/7 Árness. Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1950 27/5 Reykjavík. Dómur: 10 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl., áfengislaga og laga nr. 30/1941.

- 1951 26/10 Reykjavík. Dómur: 5 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244. gr. hgl.
- 1953 19/1 Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt fyrir tolllagabrot.
- 1956 3/11 Dómur: 1 árs fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 155., 244., 247. og 248. gr. hgl.
- 1957 25/1 Reykjavík. Dómur: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.
- 1959 28/7 Vestm.e. Dómur: 3 mán. fangelsi, sviptur kosningarétti og kjörgengi, fyrir brot á 244. gr. hgl.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 5. september s.l. var gerð húsleit heima hjá ákærða vegna grunar um, að hann væri valdur að peningabjófnaði í verzlun hér. Við leit þessa fannst ný rafmagnsrakvél falin undir dýnu í rúmi ákærða.

Ákærði, sem undanfarið hafði unnið nokkuð í vörugeymslu Kaupfélags Vestmannaeyja, kveðst hafa tekið rakvél þessa með sér heim úr Kaupfélaginu, en segist ekki hafa ætlað að slá eign sinni á rakvélina. Ákærði skýrði svo frá, að einn af starfsmönnum verzlunarinnar hefði lánað honum rakvélina, en hann hvarf frá þeim framburði, er viðkomandi neitaði þessari staðhæfingu ákærða.

Rétturinn telur nægilega sannað, þrátt fyrir neitun ákærða, að ætlun hans með töku rakvélarinnar hafi verið að slá eign sinni á hana, og hafi hann með því atferli gerzt brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa farið um borð í þýzka haf-rannsóknarskipið „Gauss“ föstudaginn 4. september s.l., er skipið lá hér í höfninni, og keypti ákærði þar 8 flöskur af áfengi af einum skipverjanum. Greiddi ákærði 200 kr. fyrir hverja flösku. Áfengi þetta var allt ólöglega aðflutt.

Ákærði hefur með þessu atferli sínu gerzt brotlegur við 6. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

III.

Við húsleit, sem framkvæmd var heima hjá ákærða í Kára-bragga við Sjómannasund, fundust bruggtæki og kútur, sem notaður hefur verið undir brugg. Voru tæki þessi í læstu herbergi. Við suðu áfengisins hefur verið notaður brúsi, sem hita

mátti með rafmagni. Í brúsanum var vökvi, og var sýnishorn af vökvanum sent í efnagreiningu. Niðurstaða efnagreiningarinnar var sú, að sýnishornið reyndist ekki innihalda mælanlegt magn af alkóhóli.

Ákærði hefur viðurkennt að eiga bruggtækj þessi, og kveðst hann hafa útbúið þau sjálfur. Hefur ákærði viðurkennt að hafa bruggað áfengi með tækjunum, en þó ekki í stórum stíl.

Ákærði hefur með atferli því, sem hér hefur verið lýst, gerzt brotlegur við 7. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

IV.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 35. gr. og 36. gr. áfengislaga nr. 54/1958, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 1 mán. fangelsi.

Þá greiði ákærði 6000 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber að gera upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga bruggtækj þau og ílát, sem fundust í hirzlum ákærða, og skal andvirði þeirra renna til ríkissjóðs.

Þá ber og að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Magnús Sigurjónsson Magnússon, sæti fangelsi í 1 mánuð.

Ákærði greiði 6000 kr. sekt til Menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Bruggtækj þau og ílát, er fundust heima hjá ákærða, skulu gerð upptæk og andvirði þeirra renna til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.